

Kemi ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík

Akureyri, 2. júní 2023
UST202303-346/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum 2022 - Málslok

Vísað er til bréfs dags. 19. apríl 2023 þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir að Kemi ehf. gerði grein fyrir þeim plöntuverndarvörum sem fyrirtækið setti á markað á árinu 2022 með því að senda stofnuninni afrit af vörureikningum fyrir allar sendingar af plöntuverndarvörum sem tollafgreiddar voru á árinu 2022. Stofnunin hefur nú lokið úrvinnslu á innsendum gögnum.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið hefur uppfyllt skyldur skv. 20. gr. efnalaga nr. 61/2013 hvað þetta varðar. Að framansögðu telst málinu lokið.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á [heimasíðu](#) Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Helgu Aspar Jónsdóttur varðandi plöntuverndarvörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið helga.jonsdottir@ust.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Helga Ösp Jónsdóttir,
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla